

# Lög

## um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (rafræn fyrirtækjaskrá o.fl.).

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

- Á eftir orðinu „ársreikning“ í 1. mgr. kemur: sem saminn er samkvæmt lögum um ársreikninga.
- Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Undanþegin skyldu til að leggja fram á aðalfundi skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna eru örfélög samkvæmt skilgreiningu laga um ársreikninga sem nýta sér heimild þeirra laga til að semja rekstraryfirlit og efnahagsyfirlit byggð á skattframtali félagsins.

##### 2. gr.

Á eftir orðinu „skoðunarmanna“ í 4. mgr. 88. gr. laganna kemur: þegar við á.

##### 3. gr.

Í stað 3. mgr. 147. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. mgr., svohljóðandi:  
Tilkynningar til hlutafélagaskrár ásamt fylgiskjölum og tilskildum skráningar- og birt-ingargjöldum skal senda beint til hlutafélagaskrár á því formi sem hlutafélagaskrá ákveður.  
Tilkynningar og gögn sem skylt er að senda hlutafélagaskrá skulu vera á íslensku.

### II. KAFLI

#### Breyting á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

##### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:

- Á eftir orðinu „ársreikning“ í 1. mgr. kemur: sem saminn er samkvæmt lögum um ársreikninga.
- Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Undanþegin skyldu til að leggja fram á aðalfundi skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna eru örfélög samkvæmt skilgreiningu laga um ársreikninga sem nýta sér heimild þeirra laga til að semja rekstraryfirlit og efnahagsyfirlit byggð á skattframtali félagsins.

5. gr.

Á eftir orðinu „skoðunarmanna“ í 4. mgr. 63. gr. laganna kemur: þegar við á.

6. gr.

Í stað 3. mgr. 121. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. mgr., svohljóðandi:  
Tilkynningar til hlutafélagaskrár ásamt fylgiskjölum og tilskildum skráningar- og birt-  
ingargjöldum skal senda beint til hlutafélagaskrár á því formi sem hlutafélagaskrá ákveður.  
Skal málsmeðferðin vera rafræn sé þess kostur.

Tilkynningar og gögn sem skylt er að senda hlutafélagaskrá skulu vera á íslensku.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 9. maí 2017.*